

Til fjárlaganefndar Alþingis
Stefán Vagn Stefánsson

Styrkumsókn

Við hjá Hollvinafélagi Kvíabekkjarkirkju viljum þakka fjárlaganefnd Alþingis kærlega fyrir góðan styrk á þessu ári og skilning á því starfi okkar að bjarga Kvíabekkjarkirkju í Ólafsfirði frá eyðileggingu. Kirkjan stendur á landnámsjörð Ólafs bekks Karlssonar, **Kvíabekk**. Skoðun okkar er sú að með þessari uppbyggingu og þeim upplýsingum sem þar verður komið fyrir vekjum við athygli á áhugaverðum þætti í menningarsögu Fjallabyggðar. Þá getur þessi staður bæst við þá flóru sem vert er að skoða í Fjallabyggð.

Vegna þeirra stóru framkvæmda sem ráðist verður í á næsta ári, það er að endurnýja þakið og turninn á kirkjunni fáist til þess fjármagn leitum við til Alþingis um styrk, allt að upphæð kr. 2.000.000 því Félagið hefur sett sér það markmið að framkvæma ekki meira en það sem fjármagn leyfir hverju sinni.

Áætlaður kostnaður þessara framkvæmda fyrir árið 2024 er að minnsta kosti kr. 4.500.000 Verkið verður fjármagnað áfram með velvilja hollvina og öðrum þeim styrkjum sem fást frá sveitafélaginu Fjallabyggð, einstaklingum, fyrirtækjum og sjóðum.

Úr ársreikningi: 2022

Styrkir frá einstaklingum og félagasamtökum.	2.281.500	
Vinnu og efnisframlög:	6.270.716	
Félagsgjöld hollvina:	836.000	
Greiddir reikningar efni og fl.		3.728.827

Verk og tímaáætlanir hafa að mestu staðist til þessa. Nýir gluggar eru komnir í kirkjuna og vonir standa til að hægt verði að klæða hana utan nú á haustdögum. Hvort áætlun fyrir árið 2024 stenst fer eftir hversu vel tekst til með að afla styrkja.

Með þessari framkvæmd erum við að bjarga menningarverðmætum og ætlum okkur að búa til umgjörð til að miðla sögu staðarins til komandi kynslóða. Við viljum að þeim sem sækja okkur heim verði bent á að heimsækja Kvíabekk því það sé áhugaverður staður. Hér áður fyrr meðan kirkjan var í góðu ástandi var gjarnan farið með opinbera gesti kaupstaðarins að Kvíabekk til að sýna þeim kirkjuna og fræða þá um sögu staðarins.

Nánari upplýsingar fúslega veittar
Sjá viðhengi og fésbókarsíðu Hollvinafélags Kvíabekkjarkirkju.

Með von um góðar undirtektir.

Reykjavík 25.09.2023
F.h.Hollvinafélags Kvíabekkjarkirkju
Svanfríður Halldórsdóttir gjaldkeri